

Nd.

283. Frumvarp

til laga um löggilding verslunarstaðar á Mýramel.

Flutningsmaður: Matth. Ólafsson.

1. gr.

Á Mýramel í Dýrafirði skal vera löggiltur verslunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verslunarlóðarinnar, samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt þau í B-deild Stjóraartíðindanna.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að ósk Mýrhreppinga, og er aðalástæðan fyrir því, að það er nú fram komið, sú, að þar í hreppnum hefir nú nýlega verið stofnað kaupfélag, sem mun eiga að hafa aðsetur á þessum stað.

Frekari grein fyrir frumvarpinu mun gerð við framsöguna.